

Ályktun um verðtryggingu, framfærsluvanda og skuldamál heimilanna

Landsfundur SAMSTÖÐU lýsir yfir miklum áhyggjum af vaxandi vanskilum heimila landsins en þau eru umtalsvert meiri en í löndum með sambærilega skuldsetningu einkaaðila. Það fjölgar jafnt og þétt í hópi þeirra sem glíma við alvarleg vanskil og þau úrræði sem innleidd hafa verið frá hruni hafa engan veginn dugað til. Sum þessara úrræða hafa einungis virkað sem gálgafrestur og því eru margir einstaklingar og fjölskyldur fyrst nú komnar á ystu nöf m.a. vegna þess að búið er að ganga á allan sparnað, þ.á.m viðbótarlífeyrissparnað. Úrræði eins og auknar vaxtabætur er engin lausn á skuldavandanum heldur einungis skyndihjálp vegna aukins framfærsluvanda heimilanna sem einnig fer ört vaxandi. Sökum þessa alls er er í dag þörf fyrir mikla lækkun á skuldum heimilanna.

Landsfundur skorar á Alþingi að fela fjármála- og efnahagsráðherra að skipa vinnuhóp óháðra sérfræðinga til að kanna lögmæti verðtryggingar og útfæra almenna leiðréttingu fasteignaveðlána heimilanna. Þar sem nú þegar liggur fyrir kæra Hagssumasamtaka heimilanna um lögmæti verðtryggingar skorar landsfundur einnig á Alþingi að sjá til þess að sú kæra fái flýtimeðferð fyrir dómi. Afnáam verðtryggingar á neytendalán og endanleg niðurstaða í dómsmálum um lögmæti hennar er stærsta hagsmunamál heimilanna í landinu og áframhaldandi óvissa í þeim málum er ólíðandi.

Landsfundur vill jafnframt benda á leið við almenna leiðréttingu fasteignaveðlána heimilanna. Leiðrétting fer þannig fram að Seðlabankinn gefur út skuldabréf sem hann „lánar“ eignarhaldsfélagi sínu. Heimilin fá síðan greiðslu frá eignarhaldsfélagi Seðlabankans sem nemur leiðréttingunni eða upphæð skuldabréfsins og nota hana til að greiða niður fasteignaveðlán sín. Eingreiðslan sem hver og einn fær á að duga til að greiða niður skuldir sem til eru komnar vegna hækkunar vísitölu neysliverðs frá árslokum 2007 og eru umfram verðbólguþáttur Seðlabanka Íslands. Skuld eignarhaldsfélags Seðlabankans við lánastofnanir verður óverðtryggð og greidd niður á 40 árum með skatti á hagnað lánastofnana.

Landsfundur SAMSTÖÐU ítrekar nauðsyn þess að innleiða í lög lykilafrumvarpið svokallaða, afnema verðtrygginguna og setja hámark á vaxtastigið í landinu til að bæta skulda- og greiðsluvanda lántakenda og varna yfirvofandi framfærslu- og skuldakreppu heimilanna.

Ályktun um stöðu bótaþega og annarra sem þurfa á stuðningi velferðarkerfisins að halda

Samstaða flokkur lýðræðis og velferðar vill byggja upp öflugt norrænt velferðarkerfi sem tryggir almennan rétt til velferðarþjónustu óháð tekjum skjólstæðinganna eða félagslegum bakgrunni þeirra. Framlög skulu duga til framfærslu þeirra sem ekki hafa tök á að stunda vinnu eða fá lífeyri vegna skertrar starfsgetu eða aldurs.

Mikilvægt er að velferðarkerfið þjóni tilgangi sínum þannig að millistéttin sjái hag sinn í því að viðhalda öflugum velferðarkerfi í landinu með greiðslu skatta. Kerfi sem felur í sér niðurlægjandi ferli þar sem fólk þarf að sanna fátækt sína eða nauð til að fá bætur og þjónustu er ekki líklegt til að þjóna velferð einstaklingana sem þurfa á stuðningi þess að halda. Gera þarf nauðsynlegar breytingar á skattkerfi til þess að fjármagna velferðarkerfið. Í ljósi núverandi aðstæðna þar sem einstaklingar og fjölskyldur eru að missa heimili sín fyrir aðgerðaleyfi ríkisstjórnarinnar gagnvart bönkunum telur Samstaða brýnt að fjölga búsetuvalkostum þjóðarinnar, þannig að fólk eigi raunverulegt val á milli leigu-, búseturéttar- og eignaríbúða.

Samstaða vill að hið opinbera tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri án skerðingar (gegnumstreymiskerfi). Fólk verði gefinn kostur á að greiða í lífeyrissjóði að eigin vali sem sjái aðeins um ávöxtun viðbótarlífeyris á markaðsforsendum. Slíkt fyrirkomulag tryggir aðskilnað milli samtryggingar (almannatryggingarkerfið) og viðbótarlífeyrissparnaðar (lífeyrissjóðir).